



Umhverfis- og skipulagssvið - Aðalskipulag og loftslagsmál

Reykjavík, 23. janúar 2025

USK24020304

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 23.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Nærþjónustukjarni innan íbúðarbyggðar í Skerjafirði - Einarsnes 36 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. janúar 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs sama dag á nærþjónustukjarna innan íbúðarbyggðar í Skerjafirði, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins er sammála umsögn íbúaráðs Vesturbæjar að leiðinlegt sé að ekki hafi tekist nægilega vel að reka nærþjónustukjarna þarna. Það er ljóst að virkir nærþjónustukjarnar geta verið ákveðin lífsgæði fyrir íbúa á slíkum svæðum. Í raun er þetta svæði svolítið sér á parti vegna flugvallarins í næsta nágrenni sem augljóslega hindrar vöxt íbúabyggðar og þannig fólksfjölgunar á svæðinu - sem þá líklega skerðir um leið rekstrargrundvöll öflugrar nærþjónustu. Vert er að minna á að í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er tekið fram að ákveðin hávaðamengun sé þarna til staðar sem hafa þarf í huga varðandi breytingu nærþjónustukjarna í íbúabyggð. Þó er ljóst að þarna er fyrir rótgróin byggð sem sætir sama álagi. Auðvitað hefði verið betra að geta byggt upp öflugan nærþjónustukjarna næst flugvöllinum og stækka þá byggð fjær þeirri hávaðamengun sem talað er um - en slíkt er ákveðnum takmörkunum háð hvað þetta svæði varðar. Fulltrúi Flokks fólksins gerir að öðru leyti engar athugasemdir við þessa breytingartillögu.

Helga Björk Laxdal
e.u.